

Að síðustu skal jeg geta þess, að eftir þeim skýrslum, sem antið hefir meðtekið frá Arnassýslu og Rangárvallasýslu í suðuramtinu og Mýrasýslu, Dalasýslu og Strandasýslu í vesturamtinu, hefir ekki orðið vart við fjárkláða fyrir utan hið kláðagrunaða svæði, og skal þess sjerstaklega getið, að jeg að vísu hefi álitit, að austurtakmörk þessa svæðis ættu að álitast að vera vatnalínan Ölfusá, Hvítá og Brúará, og að þar sem talað er um svæðið milli Hvítánnu í auglýsingunni frá 30. ágúst f. á., þá sje þar með haft fyrir augum svæðið milli þessarar línu að austan og Hvítár í Borgarfirði að vestan. En samt sem áður hefir hinn setti lögreglustjóri í fjárkláðamálinu sjerstaklega kynnt sjer ástandið í Biskups-tungnahreppi, sem er fyrir austan Brúará, og hefir hann skýrt mjer frá, að þar hafi enginn kláði fundizt. Frá Snæfellsnes- og Hnappadalssýslu hefi jeg enn ekki meðtekið skýrslur um hinar fyrirskipuðu skoðanir, en engin líkindi eru til, að fjárkláðinn hafi útbreiðzt þangað fra suðurumdæminu.

— *Brjef landshöfðingja til beggja amtmanna, um fjárrekstrabann.* — Samkvæmt tillögum amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu í brjefi frá 16. þ. m., skal með þessu brjefi bannið í auglýsingu landshöfðingja frá 30 ágúst f. á. gegn fjárrekstrum og fjárflutningum úr sveitum á svæði því milli Hvítánnu, sem grunur er á um fjárkláða, í önnur hjeruð, og úr öðrum hjeruðum inn á þetta svæði, lengt um óákveðinn tíma, þannig að vesturtakmörk hins nefnda svæðis verði Hvítá í Borgarfirði, en austurtakmörk þess Ölfusá, Hvítá og Brúará.

Þetta er tjáð yður, herra amtmaður, til þókanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir öllum hlutaðeigöndum.

— *Skýrsla amtmannsins yfir suður- og vesturumdæminu um fjárkláðann í Borgarfirði.* — Í framhaldi af brjefi amtsins dags. 16. þ. m., innihaldandi skýrslu um heilbrigðisástand sauðfjárins á hinu kláðagrunaða svæði í suðuramtinu, skal jeg eftir þeim skýrslum, er jeg nú hefi í höndum, leyfa mjer að gefa eftirfylgjandi ítarlegri skýrslu um ástandið í Borgarfjarðarsýslu.

Eins og segir í fyrrnefndri skýrslu hafði orðið vart við kláða á Neðrahrepp og Grund í Skorradalshreppi og á Varmalæk í Andakýlshreppi. En þar að auki hefir eftir nýárið komið fram kláði á þessum bæjum í Flókadal í Reykholtisdalshreppi: Hæli, Brennistöðum, Hrísum, Steðja og Brúsholti. Á Neðrahrepp og Grund hefir sjeð verið tekið til lækningmedferðar og ætlast nú að vera heilbriggt, en á hinum bæjunum var allt sjeð skorið á þorr-anum. Enn fremur voru menn hræddir um, að kláðavottur hefði fyrir mánuði síðan fundizt í einum lambhrút á Skarði í Lundareykjadalshreppi og var hann skorinn og 39 gemlingar, er hann hafði gengið saman við; en þó fannst engin kláðabóla í gærunum af þeim þegar þær voru rakaðar, og þykir því tvísýnt, hvort hjer hafi verið sótt næmur kláði. Loks hefir fyrir hálfum mánuði síðan fundizt kláði í sauðum á Indriðastöðum í Skorradalshreppi; voru þeir skornir, en ráðstafanir gjörðar til að baða annað sje á bœnum.

Eftir skýrslum þeim, sem antið hefir meðtekið frá sýslumanninum í Mýra og Borgarfjarðarsýslu, og frá hinum setta lögreglustjóra, hefir enn engin almenn böðun sauðfjárins fram farið í sýslunni. Hinn setti lögreglustjóri skýrir frá, að hann hafi lagt fyrir fjáreigendur að hlýðnast án frekari undandrátta skipunum herra landshöfðingjans og amtsins í þessu efni, og hefðu flestir bændur tjáð sig fúsa til að baða þegar ærnar væru